- Gangi ykkur vel að semja um launin.
- Gera bankana að fjölskylduvænum vinnustað.
- Gera góða samninga.
- Gjaldkerar hafa lægstu launin, til að breyta því þarf þetta starfsheiti að fara og þeir verða ráðgjafar í staðinn. Starfið hefur mikið breyst og krafist mikils af gjaldkerum hvað varðar sölu og fleira. En það er ótrúlegt hvað þetta starfsheiti nýtur lítillar virðingar og ekki síður hjá samstarfsfólki.
- Gleðilegt sumar.
- Gott framtak, gangi ykkur vel í baráttunni fyrir okkur.
- Hafa möguleika á að hækka í launum eftir starfsaldri, þ.e. ekki setja stopp á að eftir 15 ár bætist ekki meira álag.
- Halda áfram góðu starfi (nefnt af 2).
- Halda sig við hlutverk stéttarféлага, gera félagsmenn seljanlegri á vinnumarkaði.
- Haldið áfram að gera vel.
- Haldið áfram að vera svona frábær.
- Haldið áfram á sömu braut, SSF er sterkt og traust félag. Mætum þörfum barnafólks, þ.e.a.s. starfsfólki með börn í leik- og grunnskóla. Þá er verið að tala um veikindi og orlof.
- Hef fengið lélega þjónustu þegar ég hef hringt í SSF í upplýsingaleit. Ekki mikil þjónustulund, hef orðið fyrir vonbrigðum með það.
- Heildar lífeyrissjóðsgreiðslur eru nú þegar yfir 20% af launum, það þarf ekki meira í það.
- Hugsa um hinn raunverulega bankamann.
- Hvetja atvinnurekendur til að taka starfsmannaviðtöl.
- Hækka laun almenns fólks í útibúum.
- Hækka laun fólks án bónus enn frekar.
- Hækka laun hjá hinum almenna starfsmanni í banka (ráðgjöfum, þjónustufulltrúum, gjaldkerum).
- Hækka laun hjá konum sem virðast vera fastar í L.fl. 13 og 14.
- Hækka laun hjá starfsmönnum útibúa.
- Hækka laun og farið verði í að hvetja fyrirtæki til að umbuna duglegu starfsfólki.
- Hækka laun þannig að lágmarks útborgun eftir skatta verði 200.000 kr.
- Hækka laun þeirra mest sem hafa unnið lengst.
- Hækka launin (nefnt af 3).
- Hækka launin hjá öllum þessum konum sem setið eftir og fara bráðlega á eftirlaun. Við fáum prósentur af launum þegar við hættum sem fer auðvitað eftir starfsaldri en er samt sem áður ansi lítið af lágum launum og lítið hægt að gera fyrir þau. Þakka fyrir að eiga salt í grautinn.
- Hækka launin og huga betur að vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Hækka launin svo maður geti lifað sómasamlegu lífi, ekki hægt að lifa á 220 þús. krónum, fæ útborgað 164 þús., gefur auga leið að ekki er hægt að lifa á þessum launum.
- Hækka launin, hafa sömu laun yfir allt landið.
- Hækka lágmarkslaun og bæta við vetrarfrii.
- Hækka orlof eftir t.d. 20 - 25 ár um t.d. 2 daga per. ár og svo aftur eftir 25 eða 30 ár um 2 daga, þ.e. hækka orlof um 2 daga fyrir hver 5 ár eftir t.d. 20 eða 25 ára starf.
- Hækka þarf laun töluvert svo það skili sér, verðbólga og hækkun neyslúvísitölu hefur skert síðustu launahækkun.
- Hækka þarf verulega launatöfluna. Laun hins almenna bankamanns eru að verða til skammar fyrir bankana.
- Hækkun á launum gjaldkera er númer eitt, við erum að þjóna viðskiptavinum jafnt á við þjónustufulltrúa, eini munurinn er að við erum ekki með útlánaheimild.
- Hækkun á lægstu laun.
- Hækkun launa í næstu kjarasamningum, nr. 1, 2 og 3.
- Hækkun launa strax, þ.e. lægstu laun verði 250.000 kr. fyrir utan prósentur.
- Hækkun launa um 1% meira en verðbólgu.
- Hækkun lægstu launa á að vera forgangsatríðið í komandi kjarasamningum að mínu mati.
- Hærrí laun (nefnt af 2).
- Hærrí laun, takk.
- Hærrí laun, það eru meiri kröfur núna til fjármálamarkaðar um þekkingu, en það helst ekki í hendur við launin.
- Hætta að semja af ykkur eins og þegar þið selduð 30 daga orlofsréttinn fyrir alla nýja starfsmenn þannig að allir gömlu fengu 1/2 frídag á aðfangadag í staðinn. Það var illa gert.
- Hætta að tengja sérfræðinga við launaflokk. Bókstafstrúar yfirmenn hækka starfsmenn ekki þó nýir launaflokkar bætist ofan á launatöfluna. Staðið fastur í 11 ár vegna þessa þrátt fyrir 3 til 4 nýja flokka.
- Í launatöflunni er ekki tekin með 13. mánuðurinn sem ég fæ borgað sér í desember.
- Í liðnum þar sem ég átti að fylla út heildarlaun og síðan sundurliða þau, þá vantaði inn reit þar sem ég gat sett inn sölulaun, orlof á laun og fleira. Því myndaðist skekkja þegar ég fyllti út upplýsingarnar.

- Í næstu samningum vil ég að meðallaun hjá t.d. ráðgjafa eða þjónustufulltrúa verði hækkuð en ekki alltaf lægstu launin, þau eru að nálgast ráðgjafa.
- Í næstu samningum vil ég sjá að laun starfsmanna sem eru með langan starfsaldur (þeim fer nú ört fækkandi) verði hækkuð verulega. Þessir starfsmenn hafa þurft að vinna sig upp í starfsaldursálag á meðan nýir starfsmenn eru settir strax á þessa taxa. Meirihluti þessa fólks er haldið í heljargreipum fyrirtækjanna og flestir fá engar hækkanir nema það sem samningar hafa gefið þeim, þó svo margt af þessu fólki sé toppstarfsmenn, t.d. sjaldan veikir osfrv. Gott væri að miða samninga við að fyrst fyrirtækin gætu borgað einstaka mönnum tugir og hundruð milljónir króna þá hlýtur að vera svigrúm til að gera eitthvað verulega gott fyrir þetta fólk. Ég treysti á að lögð verði áhersla á samninga fyrir þetta fólk.
- Íþróttastyrk fyrir 6.vikna námskeið.
- Jafna orlofsréttindi félagsmanna. Ósanngarnt að tveir jafngamlir starfsmenn sitji hlið við hlið og annar fái 24 daga í orlof en hinn 30, bara af því að annar byrjaði í bankageiranum fyrir þessa fátálegu samninga 1999.
- Jafna þarf laun kynjanna.
- Já, semja um meiri og betri veikindarétt þegar alvarleg veikindi koma upp.
- Jöfn laun fyrir sömu vinnu, mikil mismunur bankanum.
- Kauphækkun.
- Koma því til skila til almennings að þjónustufulltrúar í bönkum eru ekki með 500-600 þús. í laun ef það er rétt.
- Kærar þakkir fyrir allt sem þið gerið.
- Laun samkvæmt menntun ekki stöðu.
- Laun starfsmanna í útibúum þarf að hækka stórlega til þess að fólk geti verið ánæggt og sátt með launin sín.
- Launamunur karla og kvenna.
- Launaseðilinn í Landsbankanum er frekar torskilinn. Mætti gera hann einfaldari. Út úr þeim tölum sem þar eru fæ ég t.d. ekki sömu upphæð og Laun alls - Kaupauki. Ég hef heyrt fleiri minnst á þetta.
- Launin hjá bönkunum hjá fólki í útibúum eru alveg sorglega lág.
- Láta aflétta launaleyndinni.
- Láta í sér heyra þegar verðbólgan blossar upp. Rauð strík í samninga og passa rauðu strikin. Vekja fólk til umhugsunar um menntunarmöguleika og og hvetja fólk til frekara náms og auka menntunarmöguleika á vinnutíma, þ.e. fá inn í samninga „menntunarfri“, a.m.k. eftir X mörg ár. Halda áfram að efla trúnaðarmenn.
- Legg til að könnuninni verði skipt upp. Hafa útibúin og þjónustuver þ.e. þá sem eru á lægstu laununum sér. Meðallaun bankamanna eru ekki eins há og kemur fram í könnunum þar sem hátekjufólkið lyftir þeim upp. Tímabært er að skoða vandlega lægstu launin. Þau eru á mörkum þess að vera lágmarksframfærslulaun og til skamrar fyrir þessu ríki fyrirtæki. Þau eru í engu samræmi við almennan vinnumarkað og gjörsamlega út í hött. Það er fátálegt að fólk í útibúin og þjónustuveri skuli ekki ná einu sinni 200.000 kr. í útborguðum launum. Vona svo sannarlega að eitthvað verði gert í þessu núna. Einnig er mjög sláandi að þegar þú ert í launatöflu B að ekki skuli vera orlofsuppbót og desemberuppbót sem er alls staðar úti í þjóðfélaginu. SSF (SÍB) er lélegasta stéttarfélag sem ég hef kynnst en ég var hjá VR áður.
- Leggja aðaláhersluna í komandi kjarasamningum á lægstu flokkana, hinir sjá um sig sjálfir með allskonar sérsamningum.
- Leggja áherslu að setja í næstu samninga að hækka launin
- Leggja áherslu á að kynna lífeyrismál, lífeyrisréttindi, hvað viðbótarlífeyrissparnaður er. Allsherjarfræðslu.
- Leggja áherslu á hærri laun, takk.
- Leggja ríka áherslu á hækkan launa hjá starfsfólki í framlínunni, þ.e. þeir sem raunverulega hitta viðskiptavinina, s.s. þjónustufulltrúar, gjaldkerar, móttökuritarar. Almennir bankastarfsmenn hafa dregist mjög mikið aftur í launum miðað við sambærileg störf bæði hjá ríkis- og einkafyrirtækjum.
- Leggja þarf áherslu á að breyta eða leggja af núverandi starfsheita lista sem bankarnir halda í og virkar sem hemil á framgang margra starfsmanna. Gera þarf launaviðtöl skyld vegna eldri starfsmanna, nýir og ungir starfsmenn sem tolla stutt í hveru starfi eru sí og æ í launaviðtölum vegna nýrra ráðninga meðan þeir sem tolla í sama starfi lengur fá sjaldnar tækifæri til að ræða sín kjör.
- Leiðréttta falinn kynbundinn launamun.
- Lenging orlofs fyrir starfsfólk yngra en 35 er að mínu mati forgangsatriði. Það er aldurshópurinn með ungu börnin og 24 dagar hrökkva ekki fyrir lokunum í daggæslu. Það er eina atriðið sem ég hef yfir að kvarta í samningum SSF.
- Léleg laun eftir 32 ára starf. Það verður að fara að gera betur. Og svo er ég kona, en karlmenn á mínum vinnustað eru í stöðum.
- Lífeyrismál: Hærri greiðslur í séreignasjóði og lægri eða óbreyttar í sameignasjóði (6% er nóg þar).
- Líst ekki á ef hækkan á framlagi í skyldusjóð (úr 6% í 8%) hafi áhrif til lækkunar á 7% viðbótarmóttframlagið í séreignasparnað. Ef það gerist þá er það ekki kjarabót.
- Lítið að marka uppgefnar launatöflur hjá mörgum því margir „sér hópar“ hafa síma, heimatölvur, bensín og bílastyrki án þess að borga krónu af því.
- Lægstu laun 300.000.
- Lækkið aðildargjöldin.
- Með fæðingarorlof t.d., mér finnst að það ætti ekki að skipta máli hvað maður er búinn að vinna lengi, hvað maður fær langt orlof á launum. Líka t.d. með skólstyrk, mér finnst að maður eigi að fá fullan námsstyrk ef maður er t.d. í einu eða tveimur fögum í skóla með námi, þá finnst mér að maður eigi að fá það niðurgreitt sama hvort maður sé búinn að vinna í 10 mán. eða 5 ár. Takk, takk. Áfram SSF,
- Meira golf og nokkrar utanlandsferðir í verðlaun í golfmóti SSF.
- Meira kaup.
- Menntun og fyrri störf séu metin til starfsaldurs og launa. Launaviðtöl verði skylda eftir 10 ára starf.
- Menntunastyrkurinn hefur reynst mér mjög vel í mínu mastersnámi, alveg frábært að eiga valmöguleika á þessu. Mér finnst hann passlega hár mjög gott að maður þurfi að bera einhvern kostnað sjálfur og alls ekki sjálfsgott að sjóðurinn greiði mikið ef félagsmaður ákveður að fara í mjög dýrt nám.

- Mér finnst að SSF ætti að berjast fyrir því að þeir sem eru komnir yfir fimmtugt og eru búnir að vinna í meira en 25 ár í fjármálageiranum, hefðu kost á því að fá 1 klukkustund í uppbót á viku sem þeir gætu tekið sem viðbótar frí.
- Mér finnst að það eigi að koma inn almennur gleraugnastyrkur sem allir sem nota gleraugu hafa rétt á að sækja um (ekki bara þeir sem eru við blindramörk).
- Mér finnst alltaf verið að tala um lögstu launin, það er mjög stór hópur búinn að vera lengi og á miðjum aldri sem er á þessum jaðarlaunum, aðeins yfir lágmarkslaunum en ná aldrei upp í nein hærri laun. Mér finnst markið alltaf alltof lágt þegar verið er að tala um lögstu launin.
- Mér finnst ég ekki eiga neitt stéttarfélag og að enginn berjist fyrir því að bæta minn hag. Á síðustu árum hefur eitt og annað verið klipið af bankamönnum án þess að nokkuð heyrst frá stéttarfélaginu.
- Mér finnst fáránlegt að þeir sem vinna gríðarlega mikið og leggja hart að sér og axla allmikla ábyrgð og eru í raun að búa til gróða fyrir eigendur, fái ca. 40 sinnum lægri laun á mánuði en æðstu stjórnendur sama fyrirtækis. Eins og ég lít á þetta þá er fjármálastofnun út af fyrir sig eitt samfélag, sem er mjög svo misskipt m.t.t. hagnaðar.
- Mér finnst mikilvægt að í komandi kjarasamningum verði gerð leiðrétting aftur í tímann, þar sem veruleg kjaraskerðing hefur átt sér stað undanfarna mánuði.
- Mér finnst mikilvægt að lengja orlofstíma yngra fólks. Hjá barnafólki duga orlofsdagar ekki til að dekkja alla frídaga í skóla og leikskóla barna okkar. Mér finnst launagreiðandi mjög tregur að hækka laun. Enn og aftur er það mismunur launa kynjana, útrýma honum, þar er ekki líðandi að karmaður fái hærri laun fyrir sömu vinnu og kona, sérstaklega í mörgum tilvikum er það konan sem vinnur mun fleiri verk heldur er karlinn í sama starfinu og vinnur oft á tíðum mun betur.
- Mér finnst mjög furðulegt að maður skuli vinna sér inn jafnmarga orlofsdaga sem sumarflýsingamanneskja og sem fastráðinn starfsmaður, þ.e. 24 dagar á ári. Mér finnst að fjöldi orlofsdaga eigi að aukast við fastráðningu. A.m.k. á fjöldi daga að aukast fyrr en nú er. Myndi ég vilja að þið leggjúð mikla áherslu á að fjölga orlofsdögum.
- Mér finnst neikvætt að vera að setja alla í það að fá greidda desemberuppbót, orlofsframlag mánaðarlega. Ég var ekki spurð þegar því var breytt hjá mér og sakna ég þess að fá tvöföld laun þessi mánaðarmót, sérstaklega fyrir jólin. Þetta er ekki að segja neitt um hver mánaðarmót en hjálpar mikið að fá eina greiðslu fyrir sumarfrí og jól. Þetta er eitt af því sem var alltaf mjög jákvætt við að vinna í banka. Finnst að það ætti að setja alla aftur í gamla kerfið.
- Mér finnst ómarktækt að hafa bankastarfsmenn á launum utan launatöflu SSF (fólk á ofurlaunum t.d.) í launakönnun til að finna meðallaun hins venjulega banka starfsmanns á litlu launum. Það má endilega henda út launaflokkum sem eru á fátækra mörkum sem nemur 18 flokkum af launatöflunni sem tilheyra frá 101 til og með 153.
- Mér finnst til skammar launin sem fólk er almennt borgað í útibúum Kaupþings banka.
- Mér finnst þurfa að leggja áherslu á fleiri orlofsdaga hjá yngra fólki, fólk með börn. Þetta er fólk sem sannarlega þarf frídagana. Það eru vetrarfrí í skólum, starfsdagar í leikskólum, venjulegt sumarfrí sem er jafnlangt og sumarfrí þeirra starfsmanna sem eiga fæsta sumarfrídaga. Þ.e. við eigum ekki frí til að dekkja frídaga barnanna okkar.
- Mig langar að koma að einni hugmynd, að sleppa lið 4.4.2 v/orlofstíma og setja inn í staðinn vetrarfrisdaga.
- Mig varðar lítið um þessar launatöflur og eru bara til að auka á misskilning. Algjörlega ástæðulaust að fá 13. mánuðinn sérstaklega á launaseðlinum, sem er með allt of mörgum línum í stað þess að sjá eina tölu, laun.
- Mikil þörf á að hækka laun starfsfólks í útibúum. Búum yfir einstaklega mikilli sérþekkingu sem vert er að hlúa að innan bankans, að ótaldri allri ábyrgðinni og álaginu sem starfinu fylgir, allt of lágt launuð miðað við áður nefnd atriði.
- Minnka launamun kynjanna (nefnt af 2).
- Mjög mikilvægt að hækka verulega laun framlínufólks í útibúum, erfitt að fá gott starfsfólk vegna lágra launa.
- Muna eftir öryggisvörðunum.
- Myndi vilja sjá „varasjóð“ hjá SSF svipaðan og hjá VR þar sem þú getur ráðstafað þínum sjóði til tannlækninga, gleraugnakaupa, árskort í heilsurækt, nám eða annað það sem þér hentar, gefið að þú eigir inneign í sjóðnum. Neyslustyriming er þín en ekki SSF (VR).
- Mætti hvetja launagreiðendur til að taka meira tillit til náms hjá starfsmönnum sem fara í það að mennta sig eftir að hafa hafið störf hjá viðkomandi stofnun, ekki bara taka tillit til þess í nýráðningum.
- Mætti vera íþróttastyrkur og menntunarstyrkur þótt menntun sé ekki til eininga, t.d. ljósmyndanámskeið o.s.frv.
- Mættu alveg heimsækja stóra vinnustaði, s.s. einu sinni á ári og upplýsa um gang mála og hvaða þjónustupætti meðlimir geta notað.
- Mættu koma meira út á land, meira en á stærstu þéttbýliskjarnana.
- Námsleyfi, hærri laun.
- Nei (nefnt af 23).
- Nú í maí var tekinn ákvörðun um að hætta greiða yfirvinnu. Slæmt fyrir mig þar sem álagið hefur ekki minnkað.
- Orlofsdagar verði 30.
- Ósátt við að það kemur illa fram, hvort réttindi séu bundin við starfsaldur í fyrirtæki eða hversu lengi maður hefur borgað í SSF. Getur munað um aðila sem hafa alltaf unnið hjá sama fyrirtæki sem gat ekki greitt í SSF á árum áður.
- Reyna að koma lágmarkslaunum í 250. þús. eftir að starfsmaður er fastráðinn.
- Reyna að koma meiri stéttarvitund inn í starfið.
- Reyna að vekja meiri athygli á launamuni kynjanna, það þarf virkilega að taka á því málefni og eins að reyna að jafna kjörin almennt, lækka þessi súperlaun og hækka þá lögstu.
- Reynið þið að semja um raunverulega hækkan launa.
- Samkvæmt lögum nr. 129/1997 er SSF skuldbundið til að semja um hækkan á framlagi atvinnurekenda í samtryggingarsjóð úr 6% í 8% fyrir 1. október 2008. Hvernig vilt þú að SSF uppfylli þessa skyldu um hækkan iðgjalds í lögbundinn lífeyrissjóð? Ráðstafa 2% af umsaminni heildarlaunahækkan til hækkanar framlags í

- samtryggingarsjóð og fá þannig 2% minni hækkun launa. Færa 2% af núverandi séreignarsparnaði yfir í hækkun á greiðslu í samtryggingarsjóð. (Minnka þar með greiðslu í séreignarsjóð sem því nemur). Sé ekki að þessir möguleikar hækki framlag atvinnurekenda.
- Semja almennilega og passa upp á reglur með vinapólitik hjá yfirmönnum á starfsmenn. Auka öryggi og semja nú einu sinni almennilega og til lengri tíma.
- Semja betur en síðast varðandi launahækkun lægstu launa.
- Semja í skamman tíma með áherslu á launahækkunar.
- Semja um hærri laun nr. 1, 2 og 3.
- Semja um jöfnun á fjölda lögbundinna frídaga á milli ára, hvort sem þeir lenda á helgi eða ekki. Þannig að það verði alltaf 3 frídagar í kringum jól og áramót. Einnig að frídagur færist yfir á föstudag eða mánudag ef 17. júní eða 1. maí lenda á helgi.
- Semja um vetrarfrí, ekki hugsa eingöngu um lægstu taxa- miðjufólk sem fær greitt eftir töxtum, hefur setið á hakanum undanfarið. Semja um að fólk hætti að vinna fyrr, helst 62-63 ára.
- Semja þannig að vinnuskylda styttest við hærri starfsaldur.
- Semjið fyrir alla en ekki bara suma.
- Semjið nú vel fyrir okkur og ekki semja neitt af okkur.
- Semjið um hærri laun, líka þeirra sem eru í stopp flokkum vegna þess að þeir völdu sér að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna BÍ. A deild.
- Sér atkvæðagreiðsla hjá starfsmönnum sem eru samkvæmt launatöflu eins og gjaldkerar og þjónusturáðgjafar, við eigum enga samleið í samningum með þeim sem eru með 12 milljónir í meðallaun á ári og við sem náum ekki 1/3 af því.
- Sjá til þess að þegar að námi með vinnu er lokið, t.d. fjármálagreina nám MK, þá sé hækkun í launaflokkum sjálfsagður.
- Sjálfsvígshugleiðingar.
- Skipta kjarasamningum upp í betri hópa, síðustu 2 samningar hafa réttindi verið samin af mínum launahópi (sem ekki það margir eru í) til að bæta réttindi hópa sem koma mér ekkert við (mun fleiri í þeim hópi).
- Skipta um formann.
- Skoða greiðslu vegna aksturs starfsmanna, t.d. ef ekið er í ca. 45 til 60 mín frá heimili á vinnustað og til baka vegna afleysinga tímabundið. Hver greiðir tímamann sem tekur að aka, atvinnuveitandi eða á starfsmaður að taka þetta á sig.
- Skoða launajafnrétti, mikill mismunur á launum karla og kvenna í sömu störfum í mínum banka og nokkuð um brot á jafnréttislögum, t.d. hefur verið brotið á mér tvisvar á tuttugu árum um stöðuheiti t.d. (karl ráðinn sem útibústjóri en kona í sama starf þjónustustjóri á miklu lægri launum sem er óréttlátt).
- Skoða mikinn launamismun sem er hjá starfsmönnum á höfuðborgarsvæðinu á móti starfsmönnum úti á landi.
- Skoða möguleika á að taka út eftirvinnu í frítíma. Skoða möguleika á að gera samning við ferðskrifstofur um orlofsferðir.
- Skoða vel laun starfsmanna sem eru starfsmenn í útibúum og hafa engan möguleika á að hækka neitt í launum. Laun starfsmanna á gólfinu eru til skammar. Þegar verið er að tala um meðallaun bankastarfsmanna kannski 600-700 þúsund þá er sko ekki verið að tala um útibúa starfsmenn. Einnig mætti skoða mismun á launum starfsmanna í útibúum á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.
- Skoða verður laun þeirra sem vinna í útibúi, þar sem launin þar eru frekar lág.
- Spurning um hækkun á framlagi atvinnurekanda er mjög ruglandi og ekki hægt að svara henni. Réttast væri að framlag atvinnurekand kemur frá honum sjálfum en ekki launþeganum og hefur ekki áhrif á hans laun til hækkunar eða lækkunar.
- Spurningin um hvemig eigi að ráðstafa framlagi atvinnurekanda úr 6% í 8% hafði enga þýðingu. Vantaði val um að sá hluti gæti aukið séreignarsparnað enn frekar.
- SSF beiti sér fyrir því að uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti verði færðir yfir á föstudag. Rökstuðningur: Þau fyrirtæki sem eiga þess kost eru farin að láta vinna þessa daga og gefa frí á föstudag. Niðurstaða: Lengri helgi launþega.
- SSF hefur reynt mér vel í sambandi við styrktarsjóð og vil ég þakka fyrir þá aðstoð sem ég fékk þar. Félagið verður að vera mjög öflugt í því að efla símenntunarmöguleika okkar sem eru í félaginu.
- SSF þarf ekki að beita sér fyrir bættum launum. Betri tryggingar við slyss eða bæturlaun eftir fráfall starfsmanns til aðstandenda er miklu mikilvægara að verði stór bót á.
- Stand vörð um okkar hag.
- Standa betur að því að hækka lægstu launin, það hefur ekki gert hingað til.
- Standið ykkur í forystunni. Ekkert brúðl, bara vinnu.
- Standið ykkur vel í kjarasamningunum. Baráttuveðjur.
- Standið ykkur vel, áfram SSF.
- Standið ykkur.
- Starf í útibúum banka tel ég vera stórkostlega vanmetið í launum, miðað við hvað starfið er yfirgripsmikið og álag mikið. Síðan er sífellt verið að bæta fleiri þáttum inn í starfið án þess að það sé metið í launum.
- Starfsmenn mega gjarnan vera duglegri að fara út á land og kynna starfseminna og rétt félagsmanna ásamt hvaða styrki er hægt að sækja til félagsins eða senda félagsmönnum bakling með upplýsingum um þetta, það eru ansi margir sem ekki skoða heimasíðu félagsins og vita þar af leiðandi ekki réttindi sín.
- Starfsmenn sem eru 50 og eldri fái veikindadaga v/maka, sambærilegt við unga fólk, v/veikinda barna.
- Starfsreynsla virðist lítils metin og sárt er að fá inn yngra fólk sem vegna menntunar sinnar hefur jafnvel töluvert hærri laun en starfsmenn sem eru að kenna þeim og leiðbeina. Það vill gleymast að við erum öll hlekkir í sömu keðju og vinnum saman með hag fyrirtækisins að leiðarljósi. Ungu fólk þetta er framtíðin og ber að meta menntun þess en það er lítilsvirðing við okkur eldri starfsmenn og þá aðallega konur að trúmenska okkar og vinnusemi er lítils metin.
- Stéttafélög ættu að semja um að frídagar sem lenda á frídögum (s.s. 17. júní á sunnudegi, 1. maí á uppstigningadegi o.s.frv.) gefi nýjan frídag.

- Stoppa það að kauphækkun fari fram með óunninni yfirvinnu, bílastyrkjum og öðru. Grunnlaun hækki samkvæmt því og maður verði ekki stöpp í ákveðnum launaflokkum og komist ekki upp úr þeim.
- Styttning vinnuviku og lengra orlof.
- Taka af launaleynd, því í skjóli hennar er verið að greiða fólki eftir geðþótta yfirmanna.
- Taka tillit til þeirra sem fá ekki greitt fyrir nýjan viðskiptavin aukalega sem geta verið dágóðar aukatekjur fyrir þá sem hafa tækifæri að fá það. Ætli það geti ekki munað 500.000 kr. á ári á milli fólks sem vinnur hlið við hlið.
- Takk fyrir (nefnt af 2).
- Takk fyrir frábæra síðu ssf.is og fyrir að gera svona kannanir, en á þeim hef ég mikla trú. Held nefnilega að okkur verði ekki mikið ágengt ef við vitum ekki hvar við eigum að sækja fram.
- Takk fyrir góða og skýra könnun.
- Takk fyrir mig.
- Takk fyrir öflugt starf, áfram SSF.
- Tel kominn tími til að stytta vinnuvikuna. Og að nýta betur styrktar og fræðslusjóð.
- Til hlíðsjónar í samningum má að mínu mati hækka skatta. Hækka barnabætur þó það sé tekjutengt.
- Tillaga mín er sú að fyrirtæki komi til móts við „hreyfingu“ starfsmanna sinna. Það er vitað mál að starfsfólk sem er í kjörþyngd eða góðu formi skilar auknum afköstum, tekur færri veikindadaga og er minna stressað, en vandamál sem margir standa frammi fyrir er tímaskortur til að stunda líkamsrækt, hvernig væri að starfsmenn fengu að stunda líkamsrækt í hádeginu t.d. þrisvar sinnum í viku (1 klst.), en ynni samt sem áður bara 8 tíma á dag. Ég hugsa að það yrði áhugavert að skoða hvort þetta væri ekki allra hagur.
- Tryggja að fyrirtæki útvegi í stöðumæla eða bílastæði á miðbæjarsvæðinu.
- Tryggja það að starfsmenn geti farið í launaviðtal einu sinni á ári. Hvorki starfsmannasamtal né launaviðtal tíðkast, þar sem ég þekki til.
- Upplifun að þegar þörf er á aðstoð SSF þá er upplifunin oft að SSF haldi frekar með stofnuninni heldur en félagsmanni SSF.
- Vanda gerð svona könnunar, tengingar milli spurninga eru ekki í lagi, kostir í lokaspurningu ófullnægjandi.
- Var að semja um flutning í starfi og varð að taka á mig að ég fæ ekki eftirvinnu greidda.
- Varðandi kjarasamninga þá þarf að meta mikið meira alla þá reynslu og þekkingu sem er hjá eldri starfsmönnum, sem eru ekki með háskólagráðu, því að þekking og reynsla þeirra er ómetanleg, en það vantar gráðuna. Flestir þessara starfsmanna vanmetnir hvað laun varðar. Þá er einnig ansi lúalegt að starfsmenn sem greiða í lífeyrissjóð samkvæmt 95 ára reglunni sitja eftir hvað launahækkanir varðar á milli flokka, eiga helst ekki að fara í 171. Treysti því að í næstu kjarasamningum verði tekið á málunum að festu.
- Varðandi könnunina. Vantar möguleika á að geta valið að hafa lokið diplómanámi úr háskóla.
- Varðandi lífeyrissjóðsspurninguna: Það á að vera búið að semja um þetta áður en kjarasamningurinn rennur út, það er ekkert um að semja. Setja 2% í samtryggingarsjóð og tengja það ekki komandi kjarasamningum. Í komandi kjarasamningum er tímabært að félagið semji almennilega, en þið hafið samið afspyrnu illa í síðustu 2 kjarasamningum, enda sést það best á því að sífellt færri samþykkja samningana. Ykkur hefur ekki tekist að bæta félagsmönnum það þegar lög um fæðingarorlof voru sett. En félagsmenn voru búnir að fórna miklu í gegnum tíðina til að fá orlóf betra fæðingarorlof en almennt viðgekkst. Semjið um lokanir á gamlársdag. Það kemur bæði fyrirtækjunum og starfsmönnum til góða. Það er bara kostnaður og vesen við að halda þessari u.þ.b. 3 klst opnun úti. Kauphöllin er t.d. lokuð. „Léttur“ fyrsti vinnudagur í janúar er líka úr sögunni frá og með næstu áramótum. Með tilliti til þeirra kjarasamninga sem nú þegar hafa verið gerðir er ekki spurning að það verður að semja um verulegar launahækkanir. Þar sem febrúarkjarasamningarnir eru löngu brunnrir upp og efnahagslífið í uppnámi semjið þá til mjög skamms tíma. Lenging orlofs var eitt af því sem aðilar sömdu um nú í febrúar. Til að halda „okkar hlut“ verðið þið líka að ná fram töluverðri lengingu á orlofi.
- Varðandi spurningu með aukið mótframlag í samtryggingarsjóð tel ég að svarmöguleikarnir sem boðið er upp séu ekki tæmandi og möguleikarnir sem eru í boði séu ekki í samræmi við framkvæmdina á almennum vinnumarkaði.
- Varðandi spurningu um laun og það þá er ég með pakkasamning þar sem ég fæ ekki greitt fyrir yfirvinnu. Ég fæ hinsvegar greitt fyrir yfirvinnu ef það er eitthvað alveg sérstakt.
- Varðandi spurningu um að hafa verið í fullu starfi í apríl, mætti vera valmöguleikinn „að koma úr einhverskonar orlofi“.
- Varðandi styrktarsjóðinn finnst mér að starfsmenn sem þurfi að vinna sér inn réttindi til styrks. T.d. augnaðgerðir (leiser), mér finnst það ekki rétt að nýir starfsmenn geti fengið greitt úr sjóðum SSF án þess að vera búnir að borga inn í sjóðinn, t.d. í 3 ár áður en þeir fá greitt fyrir svo dýrar aðgerðir.
- Veikindafrí vegna maka og aldraðra foreldra ef svo ber undir.
- Vekja athygli á og kynna betur starfsemi samtakanna.
- Vera duglegri að minna á sig meðal félagsmanna. Senda tölvupóst reglulega með hvað er í gangi hjá félaginu, t.d. með hvaða fríðindi félagar njóta.
- Vera í betra sambandi við bankamenn, hafa opið hús t.d., gera eitthvað fyrir þá sem eru að nálgast starfslok og svo vera í sambandi við bankamenn sem hafa lokið starfi.
- Vera meira áberandi en hefur verið, bjóða starfsfólki á kynningar og fleira.
- Vera sýnilegri og ekki gleyma landsbyggðinni.
- Vera sýnilegri. Sýna að SSF sé fyrst og fremst fyrir launafólkið en ekki atvinnurekendur.
- Verðbólgan komin yfir tveggja stafa tölu, langt frá verðbólgu markmiði Seðlabankans. Látið ekki vaða yfir ykkur á skitugum skónum þegar bankastjórnir fá ofurlaun og starfslokasamninga.
- Verðum að hækka laun fólksins á gólfinu, eru að verða hálf hlægileg.
- Verulegar hækkanir lægstu launa almenns bankastarfsmanns til þess að færa þau störf launalega nær almennum vinnumarkaði miðað við sambærileg störf.
- Vil sjá okkar félag sameinast t.d. VR, alltof fáir félagsmenn til að bera kostnað, að sjá um rekstur á þessu félagi, okkar iðgjöldum væri betur komið í annað enn að greiða mannalaun og rekstur á þessu batteri.
- Vinna að því að laun þeirra lægstlaunuðu séu bætt.
- Vinnuálag er gífurlegt og launin engan veginn í samræmi við það, né það sem er á almennum markaði.



- Vinsamlega að hækka kaupíð, ég lifi ekki af 150.000 útborgað á mánuði.
- Vinsamlega semjið um það að launagreiðandinn taki á sig þessa hækkun úr 6% í 8% án þess að það skerði aðrar hækkanir, hvort sem það er launahækkanir eða greiðslur í viðbótarlífeyri. Svo vil ég gjarnan koma með þá tillögu að fallið sé frá því að semja um einhverja launahækkun með fyrirvara um verðbólgu. Hreinlegast er að semja um launahækkun umfram verðbólgu. Það er algjört rugl að semja um það að þurfa að semja aftur eftir ár.
- Virðingu fyrir starfsreynslu og kunnáttu í starfi.
- Viss hópur innan bankanna sem hefur unnið jafnvel áratugum saman situr fastur í lægstu launaflokkum. Fólk sem hefur unnið vinnu sína vel en er sagt að skv. kjarasamningum eigi það ekki rétt á hærri launum. Það hleypur illu blóði í þennan hóp, sérstaklega með tilliti til þeirra háu launa sem fjármálastofnanir eru að borga í dag. Einnig hefur þessi hópur ekki haldið í við þau laun sem eru greidd fyrir sambærileg störf á hinum almenna launamarkaði.
- Vonandi hækka launin eitthvað í október, maður gæti alveg eins verið að vinna í Bónus á þessum launum.
- Vonandi tekst að koma á réttlátu launakerfi sem allir geta sætt sig við.
- Vonandi verður þessi könnun til einhvers góðs í komandi kjarasamningum. Fyrri kannanir hafa einungis skilað því að konur eru í láglaunahóp innan bankanna, sem við vitum og okkur virðist vera kennt um.
- Væri gaman að fá „feedback“ varðandi stöðu fjármálamarkaðar reglulega frá SSF en ekki bara atvinnurekendum. Og útskýringar á hvernig hlutir hafa þýðingu fyrir félagsmennina, í kjörum og að skilja betur markaðina.
- Það er að huga að okkur sem eru að eldast og búin að vinna allan okkar starfsaldur í bankanum.
- Það er brýnt að SSF haldi vel utan um næstu samninga í ljósi þess að sett hefur verið yfirvinnubann á starfsmenn auk þess sem tekið hefur verið fyrir launahækkanir. Með þessu hafa laun fólks verið skert mikið.
- Það er gerður mismunur á fólki, sumir fá frían síma, tölvur, bifreiðast. o.fl. sem aldrei kemur inn í laun. Að launajöfnuðurinn verði meiri hjá landsbyggðinni og stór-Reykjavíkursvæðinu.
- Það er kominn tími á XXX.
- Það er kominn tími til að þið hugsið um láglaunasvæðin, það þýðir ekki að segja að það sé ekki hægt að hækka launin þar eins formaðurinn segir. Við erum líka félagsmenn og fólk sem þarf að lifa og borga reikninga og hana nú.
- Það er lyklatríði að sérfræðingar semji sjálfir um sín kjör svo það fari ekki eins og síðast að við misstum heila viku af orlofinu í skiptum fyrir hálfan dag hjá gjaldkerum á aðfangadag.
- Það getur ekki verið að spurningin um lífeyrissjóðinn sé rétt eða á að lækka launin okkar.
- Það mætti vera ákvæði einhversstaðar um að fólk sem leggur á sig nám v/MK (viðskipta- og fjármálanám fyrir fólk sem ekki hefur stúdentspróf), fái að lágmarki 1 launaflokk að því loknu.
- Það verður að hækka launin verulega. Bankamenn hafa dregist verulega aftur úr öðrum stéttum undanfarin ár. Það er til skammar hver launin eru hjá svo stórum hópi bankamanna eftir áratuga starf. Einnig þarf að fjölga veikindadögum barna verulega. Mér finnst að það eigi að vera ákveðin dagafjöldi á barn en ekki þessir 10 dagar burt séð frá því hvort að þú átt eitt barn eða 5 börn.
- Það verður að hækka launin. Þessi meðallaun bankafólks sem hefur komið fram í dagblöðum á ekki við rök að styðjast, þá miðast þau við alla starfsmenn sem er mjög óréttlátt, líka milljónafólkið.
- Það þarf að endurskoða starfsheitaröðun í launaflokkum, eins og þetta er núna þá er starfsheiti notað til að stoppa mann í að hækka í launum.
- Það þarf að hækka laun almennra starfsmanna. Launatafla SSF sem er höfð til viðmiðunar er alltof lág.
- Það þarf að hækka laun gjaldkera og þjónustufulltrúa verulega.
- Það þarf að jafna launamun kynjana. Og það þarf að hækka laun hjá almennum bankamönnum. Það eru alltof há laun og fríðindi hjá stjórnendum bankanna, þetta þarf að jafna út á fleiri og gera meira fyrir hinn almenna bankastarfsmann.
- Það þarf að leggja mikla áherslu á töluverða launahækkun, jafnvel verðtryggingu á launin í kjölfar verðbólguþröngmiða þjóðarinnar, það er ekki nóg að hækka allt annað en launin.
- Þakka fyrir launakönnunina og alla þá vinnu sem kemur heildinni til góða.
- Þakka gott starf. Spurning með að greiða íþróttastyrki þar sem bankinn neitar að borga slíkt.
- Þakka þeim þörf og vel unnin störf.
- Þarf að fara að semja um umönnunarfrí, t.d. í sambandi við veikindi maka.
- Þegar stórt er spurt er fátt um svör. Spurningin kemur á óvart. Semja um hærri laun. Uppræta einelti á vinnustöðum. Námskeið eða ábending til yfirmanna stofnana um að hreinskilni og gott upplýsingaflæði berist starfsfólki.
- Þeir sem eru á 95 ára reglunni fá ekki launaflokkahækkun heldur aukagreiðslu. Verið að skerða rétt þeirra til lífeyris. SSF fari í að skoða þetta og banna svona aðgerðir.
- Þeir sem fá ekki greidd laun eftir kjarasamningum eiga ekki að eiga atkvæðisrétt á að samþykkja eða ógilda samninga.
- Þið eru frábær, góð þjónusta hjá ykkur.
- Þið eruð frábær.
- Þið ættuð að hugsa meira um fólk með meðallaun, er frekar leið á að það sé endalaust verið að semja fyrir þá sem eru á lægstu launum.
- Þrýsta meira á að nota efstu flokkana í launatöflunni.

## Heildarlaun á klst.

Könnunin leiddi í ljós að á meðal fólks í fullu starfi eru karlar að jafnaði með rúmlega 41% hærri heildarlaun en konur þegar miðað er við heildarlaun á hverja unna klst., sem er örlítið lægra en í mars '07 því þá voru karlar að jafnaði með tæplega 43% hærri heildarlaun en konur. Meðalheildargreiðslur karla á klst. voru rúmar 3.110 krónur, en meðalheildargreiðslur kvenna á klst. rúmar 2.200 krónur.

Að teknu tilliti til aldurs, menntunar, starfsaldurs og starfsstéttar minnkaði kynbundinn munur á heildarlaunum í 14,4% (vikmörk +/- 2,2%). Því er með 95% vissu hægt að segja að á meðal fólks með sömu menntun, sama starfsaldur og í sömu starfsgrein séu karlar með á bilinu 12,2% til 16,6% hærri heildarlaun á klst. en konur.

## Dagvinnulaun

Að jafnaði voru dagvinnulaun karla tæplega 42% hærri en meðaldagvinnulaun kvenna, sem er aukning frá því í mars '07, því þá voru dagvinnulaun karla að jafnaði 40% hærri en meðaldagvinnulaun kvenna. Meðaldagvinnulaun karla í fullu starfi voru um 474 þúsund krónur en dagvinnulaun kvenna að meðaltali tæplega 335 þúsund krónur.

Þegar búið var að taka út áhrif aldurs, menntunar, starfsaldurs og starfsstéttar minnkaði kynbundinn munur á dagvinnulaunum í 13,9% (vikmörk +/- 2,3%). Með öðrum orðum, getum við sagt með 95% vissu að raunverulegur munur á dagvinnulaunum kynjanna sé á bilinu 11,6% til 16,1%.

Þegar aðhvarfsgreining er notuð til að varpa ljósi á launamun þarf að taka lógaritma af launum. Það eru nokkrar ástæður fyrir þessu og eru tvær mikilvægastar. Í fyrsta lagi hefur dreifing launa jákvæða skekkju og er þess vegna ekki normaldreifð eins og gert er ráð fyrir í forsendum aðhvarfsgreiningar. Í öðru lagi þá er ekki ólíklegt að munur á launum karla og kvenna sé hlutfallslegur, frekar en að um sé að ræða ákveðna krónutölu. Það er auðvelt að breyta aðhvarfsstuðli (hallatölu) sem byggir á lógaritma í prósentur. Til að breyta lógaritma aðhvarfsstuðuls í prósentur þá er andlógaritminn af stuðlinum tekinn ( $e^{-b}$ ), þar sem  $b$  er stuðullinn og síðan er 1 dreginn frá. Einnig var leiðrétt fyrir aldur og starfsaldur í öðru veldi, til þess að jafna sveiglinuáhrif aldurs og starfsaldurs.

Heildarlaun á klst. fyrir apríl 2008

	b	B	Marktekt
Fasti	6,606		0
Kyn *	-0,156	-0,199	0,00
Aldur	0,037	1,153	0,00
Aldur <sup>2</sup>	0,000	-1,128	0,00
Grunnskólapróf og viðbót **	0,055	0,059	0,02
Framhaldsskólapróf **	0,098	0,128	0,00
Háskólapróf **	0,306	0,417	0,00
Starfsaldur	0,038	0,143	0,10
Starfsaldur <sup>2</sup>	-0,002	-0,033	0,69
Bankaritarar ***	0,050	0,029	0,12
Fulltrúar ***	0,207	0,128	0,00
Ráðgjafar ***	0,137	0,158	0,00
Sérfræðingar ***	0,392	0,507	0,00
Millistjórnendur ***	0,314	0,306	0,00
Stjórnendur ***	0,578	0,374	0,00
Annað starfsheiti ***	0,272	0,206	0,00
Fjöldi svarenda	2053		
Skýrð dreifing (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,55		

\* Kyn er sett inn í greininguna á þann veg að karlar eru með gildið 0 og konur með gildið 1. Hallinn -0,156 þýðir þess vegna að konum er að meðaltali greidd 14% ( $e^{-0,156} - 1 = -0,144$ ) lægri heildarlaun en körlum þegar allir þættirnir í töflunni hafa verið teknir með í reikninginn.

\*\* Upplýsingar um menntun eru settar inn í greininguna á þann veg að menntun er skipt upp í þrjár breytur þar sem minnsta menntunin, grunnskólapróf, er notuð sem viðmiðun. Grunnskólapróf er því alltaf með gildið 0. Önnur menntun fær því gildið 1 í viðeigandi breytu, t.d. í breytunni framhaldsskólapróf eru einungis þeir sem eru með framhaldspróf með gildið 1 og þeir eru því með um 10% ( $e^{0,098} - 1 = 0,103$ ) hærri heildarlaun en þeir sem eru með grunnskólapróf.

Grunnlaun fyrir apríl 2008

	b	B	Marktekt
Fasti	4,793		0
Kyn *	-0,150	-0,189	0,00
Aldur	0,034	1,050	0,00
Aldur <sup>2</sup>	0,000	-1,001	0,00
Grunnskólapróf og viðbót **	0,054	0,057	0,03
Framhaldsskólapróf **	0,098	0,127	0,00
Háskólapróf **	0,299	0,403	0,00
Starfsaldur	0,033	0,126	0,15
Starfsaldur <sup>2</sup>	-0,005	-0,096	0,26
Bankaritarar ***	0,056	0,032	0,09
Fulltrúar ***	0,225	0,137	0,00
Ráðgjafar ***	0,117	0,134	0,00
Sérfræðingar ***	0,371	0,473	0,00
Millistjórnendur ***	0,301	0,290	0,00
Stjórnendur ***	0,623	0,400	0,00
Annað starfsheiti ***	0,240	0,179	0,00
Fjöldi svarenda	2054		
Skýrð dreifing (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,54		

\* Kyn er sett inn í greininguna á þann veg að karlar eru með gildið 0 og konur með gildið 1. Hallinn -0,150 þýðir þess vegna að konum er að meðaltali greidd 13% ( $e^{-0,150} - 1 = -0,139$ ) lægri grunnlaun en körlum þegar allir þættirnir í töflunni hafa verið teknir með í reikninginn.

\*\* Upplýsingar um starfsstétt eru settar inn í greininguna á þann veg að starfsstétt er skipt upp í sjö breytur þar sem stéttin með lægstu launin, gjaldkerar, er notuð sem viðmiðun. Gjaldkerar eru því alltaf með gildið 0. Aðrar starfsstéttir fá því gildið 1 í viðeigandi breytu, t.d. í breytunni stjórnendur eru einungis stjórnendur með gildið 1 og þeir eru því með um 86% ( $e^{0,623} - 1 = 0,864$ ) hærri grunnlaun en gjaldkerar.

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög miklu máli (5)	217	27,6	3,1
Frekar miklu máli (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar litlu máli (2)	61	7,8	1,9
Mjög litlu máli (1)	19	2,4	1,1
Miklu máli		72,9	3,1
Hvorki né		16,9	2,6
Litlu máli		10,2	2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	99,0	
Tóku ekki afstöðu	8	1,0	
Fjöldi svarenda	794	100,0	
<b>Meðaltal</b>	3,9		
Vikmörk ±	0,1		

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu:  $[Mjög\ miklu\ máli\ (fj.\ x\ 5) + frekar\ miklu\ máli\ (fj.\ x\ 4) + hvorki\ né\ (fj.\ x\ 3) + frekar\ litlu\ máli\ (fj.\ x\ 2) + mjög\ litlu\ máli\ (fj.\ x\ 1)] / Heildarfjöldi\ svara$ .  
Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.

**Staðalfrávik** er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda við spurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.


### Töflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hver spurning er efst á hverri blaðsíðu og nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svör þátttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétt tæp 28% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og ríflega 45% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það naumlega 73%.

### Vikmörk

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli.

Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta mjög miklu máli en frekar miklu máli.



### Myndir

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverju sinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er munur á meðaltölum eftir kyni en hins vegar er munur eftir aldri þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um þá sem eldri eru meira máli en þá sem yngri eru.

### Greiningar

	Fjöldi	Mjög miklu	Frekar miklu	Í meðal-lagi	Frekar litlu	Mjög litlu	Meðaltal
<b>Kyn</b>							
Karlar	396	28,8%	43,7%	17,2%	7,1%	3,3%	3,9
Konur	390	26,4%	46,9%	16,7%	8,5%	1,5%	3,9
<b>Aldur *</b>							
16-24 ára	166	22,1%	44,8%	16,3%	12,8%	4,0%	3,7
25-34 ára	159	22,6%	42,8%	16,4%	13,8%	4,4%	3,7
35-44 ára	164	25,0%	42,1%	24,4%	7,3%	1,2%	3,8
45-54 ára	136	30,1%	47,8%	15,4%	5,1%	1,5%	4,0
55-75 ára	161	32,3%	48,4%	11,8%	4,3%	3,1%	4,0

\* Marktækur munur á meðaltölum hópa

### Marktekt

Algengur misskilningur er að ef niðurstaða tölfræðiþrófs er ekki tölfræðilega marktæk þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er rangt, því eina merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun í úrtaki yfir á þýði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum eru alla jafna notuð tölfræðiþróf sem greina hvort munur á tilteknum hópum sé tölfræðilega marktækur eða ekki. Í flestum tilfellum er einhver munur á öllum hópnum sem athugaðir eru. Þar sem einungis er verið að vinna með úrtök eru marktæktarþróf notuð til að meta hvort hægt sé að staðhæfa hvort einhver munur sé einnig í því þýði sem úrtakið var dregið úr (dæmi um þýði: Allir Íslendingar á aldrinum 18-69 ára). Ef niðurstaða er ekki tölfræðilega marktæk er ekki hægt að staðhæfa að einhver munur sé á tilteknum hópum í þýði þrátt fyrir að munur sé á þeim í úrtakinu. Ef niðurstaða er tölfræðilega marktæk má álykta sem svo að munur sé á þessum hópum í þýðinu.